



Akraneskaupstaður

FUNDARBOÐ

**1376. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 13. júní 2023 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2302117 - Lerkigrund 9, Grundasel - sólskáli

Umsókn um stækkun á sólskála við Grundasel, lóðin Lerkigrund 9 er á ódeiliskipulögðu svæði.

Breytingin var grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 26. apríl 2023 til og með 25. maí 2023. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum Lerkigrund 5 og 7, Espigrund 8 og 15 og Einigrund 36.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áform um byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu.

2. 2304130 - Reynigrund 45 - umsókn til skipulagsfulltrúa grenndarkynning

Umsókn Benedikts Ö. Eymarssonar varðandi Reynigrund 45 en lóðin er á ódeiliskipulögðu svæði.

Sótt er um að stækka húsið á tveimur stöðum. Umsóknin var grenndarkynnt frá 8. maí til 7. júní 2023, skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum Reynigrundar 1, 3, 5, 42, 43, 44, 46 og 47.

Samþykki barst frá öllum aðilum sem grenndarkynnt var fyrir og því lauk grenndarkynningu 1. júní 2023.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áform um byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni greiðist af lóðarhafa.

3. 2304138 - Skólabraut 18 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn Egils Árna Jóhannessonar um að breyta útliti húss ásamt svölum á suðurhlíð hússins.

Byggingarleyfið var genndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 27. apríl 2023 til 30. maí 2023 fyrir lóðarhöfum við Merkurteig 1 og 4

og Skólabraut 13, 14, 15-17, 19 og 20.
Þjú samþykki bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áform um byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu.

4. 2206003 - Kosning í ráð og nefndir tímabilið 2022 - 2026

Kosningar og tilnefningar í ráð samkvæmt Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar nr. 696/2013.

Samkvæmt samþykktinni skal kjósa til eins árs þrjú aðalmenn og þrjú til vara í bæjarráð, skóla- og frístundaráð, velferðar- og mannréttindaráð og skipulags- og umhverfisráð.

5. 2305245 - Vatnsmál norðan Hvalfjarðar

Framlögð drög að viljayfirlýsingu Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Veitna ohf., Faxaflóahafna sf., Elkem og Norðuráls um skipan starfshóps til samráðs um hvernig bæta megi nýtingu ferskvatns og uppfylla þarfir íbúa og atvinnulífs norðan Hvalfjarðar og skoða grundvöll þess að leita sameiginlegra leiða til vatnsöflunar með heildarhagsmunum að leiðarljósi.

6. 2305162 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2023

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. maí 2023 viðauka nr. 6 við fjárhagsáætlun ársins 2023 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

7. 2302196 - Fjárhagsáætlun 2023 - viðaukar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. maí 2023 viðauka nr. 7 við fjárhagsáætlun 2023 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

8. 2305045 - Aðalskipulag Akraness 2021-2033 breyting - Jaðarsbakkar

Bæjarráð fól bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins á fundi sínum þann 25. maí sl. m.a. að funda með samstarfsaðilum um verkefnið.

9. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar

Bæjarráð fól bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins á fundi sínum þann 25. maí sl. m.a. að funda með samstarfsaðilum um verkefnið.

10. 2306054 - Bæjarráð - umboð í sumarleyfi bæjarstjórnar

Bæjarstjórn samþykkir að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði þriðjudaginn 22. ágúst nk.

Bæjarráði verði falin fullnaðarafgreiðsla mála í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

Fundargerðir til kynningar

11. 2301002 - Fundargerðir 2023 - bæjarráð

3535. fundur bæjarráðs þann 25. maí 2023.

12. 2301004 - Fundargerðir 2023 - skóla- og frístundaráð

217. fundur skóla- og frístundaráðs þann 7. júní 2023.

13. 2301005 - Fundargerðir 2023 - skipulags- og umhverfisráð

268. fundur skipulags- og umhverfisráðs, þann 5. júní 2023.

14. 2301003 - Fundargerðir 2023 - velferðar- og mannréttindaráð

205. fundur velferðar- og mannréttindaráðs þann 6. júní 2023.

15. 2301024 - Fundargerðir 2023 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

138. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis þann 15. maí 2023 ásamt fylgigögnum.

16. 2301031 - Fundargerðir 2023 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

927. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. maí 2023.

928. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2. júní 2023.

13.06.2023

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.